

Ed.

326. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um tvo vígslubiskupa á Íslandi.

Stjórnin lagði fyrir neðri deild á þessu þingi frumvarp til laga um skipun vara-biskups. Markmið þess frumvarps var að tryggja það nokkurn veginn, að biskupsvígsla gæti ávalt farið fram hér á landi. Neðri deild hefir breytt frumvarpi þessu í það horf, sem það nú er í. Eiga vígslubiskupar samkvæmt því að vera tvéir. Nefndin telur þessa breyting til bóta. Með henni er markmið stjórnarfrumvarpsins enn betur trygt. Nefndinni þykir og vel fara á því, að þessir vígslubiskupar séu sinn í hvoru hinna fornu biskupsdæma. Hin önnur ákvæði frumvarpsins felst nefndin einnig á að mestu leyti, en telur það sumstaðar miður vel orðað; leggur hún til að meginmáli þess sé skift í þrjár greinar og ræður því deildinni til að samþykkja eftirfylgjandi breytingartillögur:

Í stað meginmáls frumvarpsins komi þrjár greinar svo hljóðandi:

1. gr.

Auk aðalbiskups skulu vera hér á landi tveir vígslubiskupar (officiales), annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

2. gr.

Konungur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastéttarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Annar vígslubiskupa vígir aðalbiskup, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum aðalbiskups vígja þeir og presta, hvor í sinu umdæmi.

Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum aðalhiskups, greiðist þeim úr lands-
sjóði borgun eftir reikningi.

Fyrirsögn frumvarpsins verði:

Frumvarp
til laga um vígslubiskupa.

Alþingi 23. marz 1909.

Eiríkur Briem,
formaður.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögumaður.

Jósef Björnsson.

Með fyrirvara:
Steingrímur Jónsson.

Með fyrirvara:
Kristinn Danielsson.